

sér þá fjárhæð, sem „fullnægjandi“ reikningskil sanna, að hann eigi inni hjá stefnda. Vaxta krefst hann af fjárhæðinni, en getur þess hvorki í sáttakæru né stefnu, frá hvaða tíma hann krefst þeirra eða hversu háa vexti hann vill fá tildæmda. Það er fyrst í greinargerð, sem hann tiltekur þetta.

Þessi fjárkrafa stefnanda er skilyrt og svo óákveðin, að ekki þykir unnt að leggja dóm á hana.

Þegar málatilbúnaður stefnanda er virtur í heild, verður að telja kröfur hans svo óljósar og málsútlitun hans svo ófullkomna, að ekki verður hjá því komizt að vísa málinu frá dómi.

Eftir þessum málalokum ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Bjarni K. Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna, en dómsuppsaga hefur dregizt nokkuð umfram venju vegna mikilla anna við borgardómaraembættið.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Þorvaldur Stephensen, greiði stefnda, Oddi Helgasyni, kr. 500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. marz 1957.

Nr. 31/1957. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**

(Vilhjálmur Jónsson hrl.)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs

(Tómas Jónsson hrl).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Grímsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. febrúar þ. á. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði

úrskurður verði felldur úr gildi og synjað verði um framkvæmd lögtaks. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur, þannig að lögtak verði heimilað til tryggingar útsvari áfrýjanda árið 1954, að eftirstöðvum kr. 397.756.31, ásamt dráttarvöxtum lögum samkvæmt frá 1. september 1956 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Málflutningsmaður áfrýjanda hefur lýst því hér fyrir dómi, að af hans hálfu hafi verið viðurkennt í flutningi málsins í héraði, að arður áfrýjanda af skiptum við utanfélagsmenn hafi í Reykjavík árið 1953 numið kr. 726.941.43, en að hann hafi haldið því fram, að frá þeirri fjárhæð beri að draga, áður en útsvar væri á lagt, tap af sams konar viðskiptum útibús eða útibúa áfrýjanda á Akureyri sama ár, kr. 399.697.74. Sé því ofsagt í forsendum hins áfrýjaða úrskurðar, að ekki hafi verið mótmælt af hálfu áfrýjanda, að útsvarsskyldar tekjur hans árið 1953 hafi í Reykjavík numið kr. 726.941.43. Í Hæstarétti hefur og málflutningur, eins og í héraði, snúizt um það, hvort framangreindur frádráttur væri heimill.

Þegar atvinnurekandi hefur útibú utan heimilissveitar sinnar, má samkvæmt a-lið 3. mgr. 8. gr. útsvarslaga nr. 66/1945 leggja útsvar á útibúið í því sveitarfélagi, þar sem það er staðsett, enda má þá ekki leggja útsvar að því leyti á atvinnurekandann í heimilissveit hans. Af ákvæði þessu leiðir, að álagning útsvars á atvinnurekandann annars vegar og útibúið hins vegar verður að ákveða af útsvarsyfirvöldum á hvorum stað, miðað við rekstur og aðrar ástæður þessara útsvarsaðilja hvors um sig á útsvarsárinu. Í 6. gr. A II 2. tölulið greindra útsvarslaga segir, að samvinnufélög greiði útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Tekur því fyrrgreint ákvæði í a-lið 3. mgr. 8. gr. laganna um sjálfstæða álagningu útsvars á atvinnurekanda og útibú hans einnig til samvinnufélaga, en þó með þeirri takmörkun, að útsvar má á hvorugum staðn-

um fara fram úr arði, sem leitt hefur af skiptum útsvars-aðiljans við utanfélagsmenn á útsvarsárinu. Samkvæmt þessu var heimilt, eins og á stóð, að ákveða útsvar áfrýjanda í Reykjavík án tillits til þess taps, sem varð á rekstri útibús hans eða útibúa á Akureyri útsvarsárið 1953. Og þar sem ekki er ágreiningur að öðru leyti um ákvörðun útsvarsins, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 16.000.00.

Dómsorð:

Framkvæmd lögtaks er heimiluð fyrir kr. 397.756.31 ásamt lögmaeltum dráttarvöxtum frá 1. september 1956 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar á að vera óraskað.

Áfrýjandi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, málskostnað í Hæstarétti, kr. 16.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógætadóms Reykjavíkur 1. febrúar 1957.

Við aukaniðurjöfnun í desembermánuði 1955 var gjörðarþola, Sambandi íslenzkra samvinnufélaga hér í bæ, gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir ár 1954 kr. 998.560.00. Gjörðarþoli kærði útsvarsálagningu þessa, og lækkaði ríkisskattanevnd útsvarið með úrskurði 6. ágúst 1956 í kr. 725.000.00. Á árinu 1954 hafði gjörðarþoli greitt upp í útsvar þess árs með skulda-jöfnuði kr. 301.699.70, og var því útsvarið að eftirstöðvum kr. 423.300.30. Þar eð gjörðarþoli hefur neitað að greiða útsvarsskuld þessa, hefur borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að lögtak verði látið fram fara í eignum gjörðarþola til tryggingar ofangreindri útsvarsskuld ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Gjörðarþoli hefur mótmælt útsvarskrófu gjörðarbeiðanda og gert þær réttarkröfur, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar og honum úrskurðaður málskostnaður úr hendi gjörðarbeiðanda að mati réttarins.

Mótmæli sín og kröfur reisir gjörðarþoli á því, að útsvarið sé of hátt, miðað við tekjur hans af utanfélagsviðskiptum á árinu 1953, og að þær greiðslur, sem hann þegar hafi innt af hendi upp í útsvar 1954, væru full greiðsla á útsvarinu, ef það hefði verið réttilega ákvarðað, miðað við raunverulegar tekjur S.Í.S. á umræddu ári af utanfélagsviðskiptum. Ríkisskattanevnd hafi, er hún úrskurðaði útsvarsupphæðina, kr. 725.000.00, miðað eingöngu við tekjur gjörðarþola af utanfélagsviðskiptum hér í bæ á árinu 1953, er voru kr. 726.941.43, en ekki, eins og nefndinni hefði þó borið, dregið frá þeirri upphæð tap gjörðarþola á sams konar viðskiptum á Akureyri á því ári, en það hafi numið kr. 399.697.74. Hinar raunverulegu tekjur gjörðarþola, sem heimilt hafi verið að leggja á, hafi því verið kr. 327.243.69. Og þar eð gjörðarþoli hafi áður greitt upp í útsvar 1954 kr. 301.699.70 og nú til viðbótar kr. 25.543.90, eða samtals kr. 327.243.69, þá sé að fullu greidd hin löglega útsvarsupphæð í samræmi við dóm Hæstaréttar frá 29. nóvember 1955. Beri því að synja um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar. Telur gjörðarþoli, að sá skilningur ríkisskattanevndar, að tap hans á utanfélagsviðskiptum á Akureyri eigi ekki að koma hér til frádráttar, sé bersýnilega rangur, því að ef útsvar samvinnufélags fari fram úr hreinum arði félagsins af viðskiptum við utanfélagsmenn, sé verið að skerða eign félagsins eða skerða arð þess af félagsmannaviðskiptum, en slíkt sé fortakslaust óheimilt samkvæmt áðurgreindum hæstaréttardómi. Skipti að sjálf-sögðu engu máli, hvar á landinu tap kunni að vera á utanfélagsmannaviðskiptum. Það eigi að koma til frádráttar ágóða, sem kunni að verða annars staðar, þegar til uppgjörs komi og hreinn arður slíkra viðskipta sé fundinn.

Gjörðarbeiðandi hefur eindregið mótmælt framangreindum sjónarmiðum gjörðarþola. Hefur hann við munnlegan flutning málsins haldið því fram og því ekki verið mótmælt af gjörðarþola, að útsvarsskyldar tekjur gjörðarþola hér í bæ árið 1953 hafi numið kr. 726.941.43. Hafi ríkisskattanevndin því haldið sér innan löglegra marka samkvæmt áðurgreindum hæstaréttardómi, er hún ákvarðaði útsvar gjörðarþola kr. 725.000.00, enda fái það ekki staðizt, er gjörðarþoli dragi frá tekjum sínum hér af utanfélagsviðskiptum á árinu 1953 tap sitt á sams konar viðskiptum fyrirtækja sinna á Akureyri á sama ári, þar eð þau fyrirtæki séu sjálfstæður útsvarsgjaldandi á Akureyri, eins og sjá megí af gögnum málsins, og hafi verið það lengi. Sá skilningur ríkisskattanevndar, að tap á fyrirtækjum gjörðarþola á Akureyri eigi ekki að koma til frádráttar við ákvörðun útsvars gjörðarþola hér,

sé því réttur, enda eigi hann ótvíræða stoð í 8. gr., 3. mgr., a., útsvarslaganna um útibú. Ríkisskattanevnd hafi því ákvarðað útsvar gjörðarþola síður en svo of hátt, heldur nokkru lægra en nemur útsvarsskyldum tekjum gjörðarþola af skiptum hans við utanfélagsmenn hér. Beri því að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar.

Aðiljar hafa lagt atriðið undir úrskurð réttarins.

Eins og fram kemur af því, sem sagt hefur verið hér að fram- an, er það in confesso í máli þessu, að tekjur gjörðarþola af skipt- um hans hér í bæ við utanfélagsmenn námu á árinu 1953 kr. 726.941.43, og er ekki um það deilt, að útsvar það, er um ræðir, hafi verið ákvarðað innan löglegra marka, ef við þessa upphæð er miðað. Hins vegar hefur gjörðarþoli haldið því fram, að er ríkisskattanevnd ákvarðaði útsvarið, hafi henni borið að draga frá ofangreindum tekjum tap gjörðarþola á sams konar viðskipt- um hans á Akureyri á sama ári, en það hafi numið kr. 399.697.74. Hinar raunverulegu tekjur gjörðarþola, sem heimilt hafi verið að leggja á hér, hafi því eigi numið meiru en kr. 327.243.69. Út- svarið fari því fram úr hreinum arði gjörðarþola af viðskiptum við utanfélagsmenn, en slíkt sé fortakslaust óheimilt samkvæmt hæstaréttardóminum 29. nóvember 1955. Á þetta sjónarmið gjörð- arþola getur rétturinn eigi fallizt. Eins og gögn málsins bera ótví- rætt með sér, eru fyrirtæki gjörðarþola á Akureyri sjálfstæður útsvarsgjaldandi þar á staðnum, enda gert að greiða þar útsvar fyrir ár 1954. Við ákvörðun útsvars þessa gjaldanda á Akureyri hefur að sjálfsgöðu, sem annars staðar, verið farið eftir hinum almennu reglum í 4. gr. útsvarslaganna um fjárhagsafkomu gjald- anda á árinu áður, meðal annars gróða eða tap, og útsvarsupp- hæðin farið eftir því. Það fær því eigi staðizt að álitu réttarins, að tap fyrirtækja gjörðarþola á Akureyri hefði átt að koma til frádráttar tekjum gjörðarþola af utanfélagsviðskiptum hans hér. Enda er réttinum ekki kunnugt neitt fordæmi slíkrar millifærslu, hvorki um tap eða ágóða í svipuðum tilfellum og hér er um að ræða. Rétturinn verður því að fallast á það sjónarmið gjörðar- beiðanda, að ríkisskattanevnd hafi ákvarðað umrætt útsvar inn- an réttra marka að lögum og að það hafi því réttilega verið á lagt. Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgjörðar á ábyrgð gjörðarbeiðanda. Málskostnaðarkrafa gjörðarþola verður eigi tekin til greina.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgjörð á fram að ganga á ábyrgð gjörð-
arbeiðanda.

Málskostnaðarkrafa gjörðarþola er eigi tekin til greina.

Mánudaginn 25. marz 1957.

Nr. 183/1953. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson hrl.)

gegn

Henri Devriendt (Lárus Fjeldsted hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Botnvörpuveiðar í landhelgi.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa upp kveðið Torfi Jóhannsson bæjar-
fógeti og samdómendurnir Páll Þorbjarnarson og Þorsteinn
Jónsson.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa framhaldspróf verið háð.
Álitsgerð hefur gefið í málinu Friðrik V. Ólafsson, skóla-
stjóri Stýrimannaskólans. Álitsgerð hefur og gefið Jos.
Legrand siglingafræðingur. Loks hafa dómkvaddir menn,
þeir Jónas Sigurðsson siglingafræðikennari, Zophonías Páls-
son, skipulagsstjóri ríkisins, og Jóhannes Snorrason yfirflug-
stjóri, samið álitsgerð um málið.

Svo sem í héraðsdómi greinir, voru gerðar tvær staðar-
ákvarðanir yfir togara ákærða hinn 22. júlí 1953. Hin fyrri
var framkvæmd kl. 20,35. Flaug þá löggæzluvélin frá togar-
anum og til lands í miðinu Hofsfjall ber um Salthöfða, og
var um leið mældur tíminn, sem flugið tók frá togaranum
og upp að ströndinni. Reyndist staður togarans samkvæmt
því vera um 2 sm fyrir innan fiskveiðimörkin. Síðari stað-
arákvörðunin var gerð kl. 20,45. Var staður togarans þá
fundinn með tveimur staðarlínunum, miði og láréttri horn-
mælingu, en þessar tvær aðferðir eru taldar öruggar.

Sem mið notuðu gæzlumennirnir tvo þríhyrningamæli-
staði, Hofsfjall fyrir bakpunkt og Salthöfða fyrir forpunkt
miðsins. Þríhyrningamerkin (hátindana) bar eigi nákvæm-